



REGLUR VINNUSKÓLA ÖLFUSS

Markmið:

Markmið Vinnuskóla Ölfuss er að bjóða upp á:

- ✓ hollt og uppbyggjandi sumarstarf fyrir 13, 14, 15, og 16 ára unglunga.
- ✓ fjölbreytt störf á mismunandi vinnusvæðum.
- ✓ fræðslu um notkun og meðferð algengra verkfæra.
- ✓ fræðslu um náttúru og umhverfi
- ✓ reynslu og þekkingu sem að gagni kemur á sviði verklegra framkvæmda.

Með umsókn um starf í vinnuskólanum skrifar unglingurinn undir að fara eftir reglum sem þar gilda í hvívetna.

Starfstími:

Starfstími Vinnuskólans er 8 vikur, frá byrjun júní fram í lok júlí.

Unglingar , 13 ára: 12 tímar á viku í 4 vikur, þ.e. 15 vinnudagar.

Unglingar, 14 ára: 16 tímar á viku í 6 vikur, þ.e. 23 vinnudagar.

Unglingar , 15 ára: 32 tímar á viku í 8 vikur, þ.e. 38 vinnudagar.

Unglingar, 16 ára: 32 tímar á viku í 8 vikur, þ.e. 38 vinnudagar.

Vinnutími 13 ára unglunga er 12:45-15.45 mánud.-fimmtud.

Vinnutími 14 ára unglunga er 8:00-12.00 mánud.-fimmtud.

Vinnutími 15 til 16 ára unglunga er 8:00-12:00 og 12:45-15:45 mánud.-fimmtud. og 8:00-12:00 föstud.

Tilkynna ber flokkstjóra fyrirhugaða leyfisfisdaga og eins ef um forföll er að ræða.

Starfsreglur:

- Vinnuskólinn er tóbaks- og vímuefnalaus vinnustaður; á leið í og úr vinnu, á vinnusvæði og í matar- og kaffihléum, þ.e. sá tími sem trygging nær yfir.
- Mæta ber stundvíslega til vinnu og skila fullum vinnudegi.
- Beiðni um leyfi afgreiðir flokksstjóri.
- Foreldrar gera viðkomandi flokkstjóra grein fyrir veikindum unglingsins.
- Fara skal vel með verkfæri, stunda vinnuna samviskusamlega og fara eftir leiðbeiningum og fyrirmælum yfirmanna.
- Laun eru greidd fyrir fræðsludaga ef viðkomandi tekur þátt í allri dagskránni af fullri einurð.
- Unglingar leggja sér sjálfir til allan hlífðarfatnað og skal hann vera samkvæmt aðstæðum og verkefnum. Öllum er ráðlagt að hafa með sér bakpoka og merkja fatnað, skó og stígvél.
- Notkun farsíma við vinnu er ekki heimil.
- Engin ábyrgð er tekin á fötum nemenda, reiðhjólum, farsímum eða öðrum hlutum sem þeir hugsanlega taka með sér á vinnustað.

Við skráningu í Vinnuskólann er litið svo á að unglingur sé að sýna áhuga á að taka þátt í starfi skólans. Honum ber að vinna þau verkefni sem honum eru falin án þess að stöðugt þurfi að ganga eftir því að hann haldi sig að verki. Þá ber honum líka að sýna öllum samstarfsmönnum sínum, flokksstjórum og yfirmönnum Vinnuskólans, svo og öllum bæjarbúum fyllstu kurteisi þegar hann er við vinnu.

Sé unglíngur með það alvarlegt ofnæmi að það hindri þátttöku í hefðbundnum störfum vinnuskólans ber honum að skila inn læknisvottorði því til staðfestingar.

Flokkstjóri hefur heimild til að senda unglíng heim úr vinnu og skal flokkstjórinn þá hringja í forráðamenn og tilkynna ástæðu brottvikningar. Til þess þarf þó að vera rík ástæða og eru aðrar leiðir reyndar áður en til þessa úrræðis er gripið. Brot á starfsreglum Vinnuskólans getur þýtt brottvísun að fullu, að undangenginni áminningu.

Umsögn og viðurkenning:

Allir nemendur Vinnuskólans fá umsögn frá flokkstjóra sínum, um frammistöðu sína að sumarstarfinu loknu.

Umsögnin er í fjórum stigum:

- ❖ mjög gott,
- ❖ gott,
- ❖ sæmilegt og
- ❖ ófullnægjandi.

Eftirtalin atriði eru metin:

- ❖ stundvísi,
- ❖ framkoma,
- ❖ tekur fyrir mælum,
- ❖ vandvirkni,
- ❖ sjálfstæð vinnubrögð,
- ❖ samvinna,
- ❖ meðferð verkfæra og
- ❖ afköst.

Helstu verkefna sumarsins er getið og flokkstjóri gefur almenna umsögn í nokkrum setningum um frammistöðu nemandans.

Kaup og kjör:

Laun eða kjör unglínganna eru tengd kjarasamningum.

Unglíngar, 13, 14 og 15 ára greiða 6% skatt án persónuafsláttar af tekjum sínum umfram 180.000 kr.

Unglíngar, 16 ára, þurfa að upplýsa launagreiðanda sinn um hvort nota eigi persónuafslátt við útreikning staðgreiðslu. Launamaður skilar inn sérstöku eyðublaði með upplýsingum um nýtingu persónuafsláttar og hversu hátt hlutfall eigi að nýta. Skila þarf inn eyðublaðinu „yfirlit til launagreiðanda“ ef nýta á ónýttan persónuafslátt, hægt er að nálgast þær upplýsingar á www.skattur.is.

16 ára greiða í lífeyrissjóð og félagsgjöld, sem reiknast frá byrjun næsta mánaðar eftir að viðkomandi verður 16 ára.

Laun eru lögð inn á bankareikning sem verður að vera á nafni og kennitölu viðkomandi unglíngs. Laun eru greidd út mánaðarlega.

Unglíngar eru tryggðir launþegatryggingu sem tryggir þá í vinnu og á beinni leið til og frá vinnu.

Helstu verkefni og verkfæri:

Unglingar úr 7. bekk, 13 ára á árinu:

- Aðstoð við leikja-, íþrótta- og sundnámskeið
- Hreinsun og snyrting á og við opinber og opin svæði og fjörur.
- Hreinsun og umhirða gróðurs í gördum eldri borgara og öryrkja.
- Hreinsun blóma- og trjábeða og umhirða gróðurs.
- Aðstoðarstörf í stofnunum bæjarins, t.d. leikskóla, íþróttamiðstöð, knattspyrnuskóla, leikjanámskeiðum, smíðavelli, bókasafni, golfvelli og fleira. Þar sjá starfsmenn stofnunarinnar um að fræða unglunga um stofnunina og starf það sem hann á að inna af hendi.
- Ruslahreinsun.
- Helstu verkfæri: Handverkfæri, kústar, hrífur, sköfur, skóflur og hjólbörur.

Unglingar úr 8. bekk, 14 ára á árinu:

- Hreinsun og snyrting á og við opinber og opin svæði og fjörur.
- Hreinsun og umhirða gróðurs í gördum eldri borgara og öryrkja.
- Hreinsun blóma- og trjábeða og umhirða gróðurs.
- Ruslahreinsun.
- Helstu verkfæri: Handverkfæri, kústar, hrífur, sköfur, skóflur og hjólbörur.

Unglingar úr 9. bekk, 15 ára á árinu:

- Hreinsun og snyrting á og við opinber og opin svæði og fjörur.
- Viðhald á leiktækjum t.d. mála rólur og önnur leiktæki.
- Hreinsun og umhirða gróðurs í gördum eldri borgara og öryrkja.
- Gróðursetning blóma, trjáa og áburðargjöf.
- Helstu verkfæri: Handverkfæri, kústar, hrífur, sköfur, plöntustafir og skóflur, hjólbörur, penslar og önnur málningaráhöld.

Unglingar úr 10. bekk, 16 ára á árinu:

- Hreinsun og snyrting á opnum svæðum í bænum.
- Sláttur og rakstur og létt viðhald á lóðum stofnana bæjarins.
- Sláttur og rakstur í gördum eldri borgara og öryrkja.
- Gróðursetning og áburðargjöf.
- Viðhald á leiktækjum t.d. mála rólur og önnur leiktæki.
- Helstu verkfæri: Handverkfæri, penslar og önnur málningaráhöld, kústar, hrífur, sköfur, plöntustafir, skóflur, hjólbörur, sláttuvélar og handsláttuorf.

Áhætta:

Öll ofangreind aldursskipting við val verkefna og notkun verkfæra og áhalda er í fullu samræmi við reglugerð um vinnu barna og ungmenna nr. 426, 10. júní 1999.

Slys við vinnu verða tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins á eyðublaðinu “Tilkynning um vinnuslys” samkvæmt reglum Félagsmálaráðuneytisins frá 22. desember 1989.

Fræðslustarf:

Á starfstíma Vinnuskólans er stefnt að því að koma á sérstökum fræðsludögum. Um er að ræða fræðslu um umhverfismál, atvinnumál og safnafræðslu.

Í tengslum við fræðsludagana er farið í sund, golf eða annað þess háttar.

Áskilinn er réttur til breytinga.